

From: Náttúruhamfaratrygging Íslands
Sent: Thu, 10 Apr 2025 11:29:28 +0000
To: Undisclosed recipients:
Subject: Boð á ársfund NTÍ, 22. maí n.k. - áframsendist á alla sveitarstjórnarmenn

Góðan dag

Við bjóðum sveitarstjórnarmönnum að mæta á ársfund Náttúruhamfaratryggingar Íslands (NTÍ) fimmtudaginn 22. maí frá kl. 11.30 til 13.00 á Grand hótél. **Þess er óskað að pósti þessum verði komið til allra kjörinna fulltrúa í þínu sveitarfélagi.**

Til sveitarstjórnarfulltrúa:

Ég hvet ég þig til að nýta tækifærið til að fá góða fræðslu á þessum 1 ½ klukkutíma sem fundurinn tekur. Þú getur valið hvort þú sækir fundinn í eigin persónu eða hvort þú velur frekar að horfa á hann í streymi. Einnig geturðu fengið hlekk á fundinn að honum loknum og horft á hann þegar þér hentar. Fyrir þá sem mæta á staðinn verður boðið upp á góðan fisk að hætti Grand hótels og kaffi/te á eftir. Skráning á fundinn fer fram [hér](#), þar sem þú velur það form á fundinum sem hentar þér best og lætur vita ef sérþarfir eru varðandi matinn. Vinsamlegast látið vita um mætingu **fyrir 13. maí n.k.** Einnig er hægt að skrá sig með því að senda tölvupóst á nti@nti.is.

Mér þætti mjög vænt um að sjá þig á fundinum ef þú hefur tök á að sækja hann, annað hvort á Grand hótél eða í streymi.



Ársfundur Náttúruhamfaratryggingar Íslands

22. maí 2025 kl. 11:30 til 13:00

Setning fundar

Sigurður Kári Kristjánsson, stjórnarformaður NTÍ

Ávarp ráðherra

Daði Már Kristófersson, fjármála- og efnahagsráðherra

Kynning ársreiknings og ársskýrslu 2024

Hulda Ragnheiður Árnadóttir, forstjóri NTÍ

Áhætta vegna eldgosa og hraunrennslis í þéttbýli á Íslandi

Má búast við eldsumbrotum á fleiri þéttbýlisstöðum en við höfum séð fyrir

Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands

Fundargestir geta valið um að mæta á Grand Hótel eða

Með kærri kveðju, Hulda Ragnheiður

Forstjóri Náttúruhamfaratryggingar Íslands



Hlíðasmára 14 – 201 Kópavogur
Sími 575-3301 og 892-1110

Netfang: hulda@nti.is